

Borgarfirði eystra 5. Desember 2023

Umsögn um lagafrumvarp um skatta og gjöld, 468. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024.

Til þeirra er málið varðar.

Fyrir Alþingi okkar liggur nú fyrir tillaga um að hefja að nýju innheimtu gistináttaskatts með nýju formi. Vil ég hér með mótmæla þeim áformum og rökstyðja það álit mitt í nokkrum orðum.

Ég er einn af eigendum og sé um framkvæmdastjórn hjá Ferðþjónustunni Álfheimum, sem rekur 32ja herbergja hótél á Borgarfirði eystra. Reksturinn hefur gengið ágætlega á árinu 2023 og náðum við 32% nýtingu á ársgrundvelli (opið apríl – okt) og heildartekjur rekstrarársins af gistingu og veitingum eru um 120 milljónir króna sem var um 20% aukning frá árinu 2022. Alls erum við að tala um 3600 herbergi seld og fjöldi gesta um 6900 manns. Samkvæmt áformuðum skatti væri því gistináttaskattur greiddur ef við værum með sambærilegt ár 2024 rúmlega 2 milljónir króna eða um 3% af rekstrartekjum vegna gistingar.

En er það mögulegt fyrir Ferðþjónustuna Álfheima að greiða 2 milljónir í gistináttaskatt fyrir árið 2024?

Svarið er nei. Það er útilokað í núverandi ástandi.

Í fyrsta lagi er 80% viðskipta hjá okkur samningsbundin við ferðaskrifstofur og þegar búið fyrir allnokkru að tilkynna heildarverð fyrir árið 2024. Hægt væri að breyta verðum á bókunarvélum með áformaðri hækkun en það skekkir líka samkeppnisstöðu á mörkuðum og er aðeins 8% af sölu okkar á gistingu.

Í öðru lagi skapar núverandi verðbólga þau skilyrði að gjaldþol fyrirtækisins versnar til muna og það nær ekki að standa í skilum á langtímalánum (150 millj. Króna) og hvað þá standa í eðlilegu viðhaldi og fjárfestingum. Árið 2022 var 5 milljón króna hagnaður af rekstri en eftir vaxtagjöld og verðbætur var tapið 24. Milljónir.

Í þriðja lagi er frumvarp þetta að veikja rekstrarstöðu fyrirtækja í gistiþjónustu á landsbyggðinni sem eru að reyna að standa í skilum með alla aðra skatta og gjöld auk þess að halda áfram að borga af verðtryggðum lánnum í 8% verðbólgu.

Það er því einlæg tillaga mín að þessum áformum um skattlagningu á gistiþjónustu verði slaufað eða í það minnsta frestað þar til storminn hefur lægt !

Virðingafyllst  
f.h. Ferðþjónustunnar Álfheima  
Arngrímur Viðar Ásgeirsson  
Sími 8613677